



899. fundur stjórnar GSÍ, 14. maí 2018 kl.18:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Jón B. Stefánsson, Jón Steindór Árnason, Gunnar K. Gunnarsson, Hulda Bjarnadóttir, Hansína Þorkelsdóttir, Hörður Geirsson, Kristín Guðmundsdóttir, Eggert Á. Sverrisson og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar (898)

Samþykkt og undirrituð

2. Sjóðstreymisyfirlit

Kristín Guðmundsdóttir gjaldkeri GSÍ kynnti fyrir fundarmönnum að sjóðstreymisyfirlit og sundurliðun deilda verði send á stjórnarmenn innan skamms.

3. Samstarfsaðilar

Haukur Örn fór yfir stöðu samstarfsaðila en sala á auglýsingum fyrir Golf á Ísland hefur gengið vel undanfarið og markmiðum hefur verið náð. Samstarfsaðilar vantar þó tengt mótahaldi og enn vantar samstarfsaðila fyrir Íslandsmótið í golfi og fyrir Íslandsmót golfklúbba. Haukur hvatti stjórnarliða að reyna eftir bestu getu að aðstoða Stefán Garðarsson markaðstjóra GSÍ við sölu á þeim “vörum” sem óseldar eru.

4. IT mál

Haukur Örn fór yfir stöðuna á framkvæmdum og áform við að setja nýjan vef Golf.is í loftið og einnig hvernig nýsmíði, prófanir og breytingar á vefnum ganga. Einnig fór Haukur yfir stöðu mála á GLFR smáforritinu og hvernig smíði vefgáttar fyrir þá klúbba sem lögðu af stað í samstarf við GLFR fyrr á árinu hefur gengið. Kostnaður við smíði vefgáttar og samningsgerð um gögn sem fljóta á milli aðila, munu þessir sömu klúbbar bera. GSÍ hefur staðið við þá hluti sem sambandinu var ætlað að ljúka við, þ.e.a.s. smíði vefgáttar og samningagerð um varðveislu og notkun gagna.

5. Þjónustunefnd GSÍ gefur skýrslu eftir fyrsta fund

Eggert Á. Kristjánsson formaður þjónustunefndar fór yfir hvað bar hæst á fundi þjónustunefndar í liðinni viku. Útbreiðsla, IT mál og málefni eldri kylfinga í hreyfingunni. Eggert benti á að mikilvægt sé að fara að huga að endurskoðun á stefnu GSÍ fyrir



Golfþing 2019. Hvert er hlutverk GSÍ til framtíðar litið, hvert vill hreyfingin að hlutverk GSÍ verði til framtíðar litið í mismunandi málaflokkum. Þjónustunefnd hefur óskað eftir aðgangi að fundargerðir starfsnefnda GSÍ. Brynjar mun setja upp miðlæga möppu sem síðan nefndin mun síðan hafa aðgang að eins og stjórn GSÍ og formenn starfsnefnda.

Önnur mál

- Fyrsta mót Eimskipsmótaraðar GL 18-20 maí, Hulda Bjarnadóttir sér um verðlaunaafhendingu fyrir hönd stjórnar GSÍ.
- Íslandsmótið í golfi (þátttaka stjórnar GSÍ) gisting, Herjólfur, kostnaður
- Hörður Geirsson kynnti fyrir stjórn drög að agareglum sem Jussi Pitkanen lagði til mótanefndar. Með nýjum og breyttum reglum 2019 munu agareglur verða endurskoðaðar.
- Eggert Á. Sverrisson fór yfir hugmyndir tengdar stefnumótun GSÍ fyrir 2019 og hvaða vinna skal kynnt á formannafundi 2018 og lagði til að í lok október 2018 yrðu fyrstu drög tilbúin frá starfsnefndum GSÍ og endurmat hafið á stefnu GSÍ.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl.20:25